

BORGARRÁÐ 24. nóvember 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kynningu á stafrænni umbreytingu sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar - MSS22110210

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um af hverju þjónustu- og nýsköpunarsvið ákvað að hefja vegferð stafrænna umbreytinga án nánast alls samráðs við bæði önnur sveitarfélög og ríkið sem nú eru að vinna þetta saman? Einnig er óskað upplýsinga um hvort öll sú erlenda ráðgjöf sem sviðið hefur verið að kaupa undanfarinn áratug, hafi ekki tekið með í myndina þá hagkvæmni samlegðaráhrifa sem sameiginleg vegferð sveitarfélaga hefði haft? Fulltrúi Flokks fólksins hefur undanfarin ár ítrekað verið að benda á þá sér leið sem þjónustu-og nýsköpunarsvið hefur verið á varðandi stafræna umbreytingu. Í stað þess að hafa strax í byrjun farið þá leið að fá sem flest sveitarfélög með í þessa vegferð, var ákveðið að borgin skyldi gera þetta upp á eigin spýtur. Samkvæmt kynningu Sambands Ísl. sveitarfélaga sbr. 1. liður fundargerðar Stafræns ráðs dags. 23.11.2022 á samstarfi sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu, eru sveitarfélög á Islandi að sameinast um þekkingaruppbyggingu, þróun sameiginlegra lausna og kaupum á lausnum. Sveitarfélög eru að setja sér sameiginlega stefnu sem talar beint inn í stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera. Með öðrum orðum er stafræn umbreyting sveitarfélaga hagkvæmari vegna samlegðaráhrifa en að hvert sveitarfélag hefði verið að gera þetta í sínu horni.